

Hafnarfjarðarbær  
Þormóður Sveinsson  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. október 2022  
UST202209-129/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni og Straumsvík - Hafnarfjarðarbær**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 14. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni og Straumsvík í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur fram viðfangsefni deiliskipulagsins er að afmarka lóðir fyrir Coda Terminal á vegum Carbfix ohf. og gera grein fyrir framtíðaráformum ÍSAL á skipulagssvæðinu, en skipulagið nær til lóðar álversins beggja vegna Reykjanesbrautar. Coda Terminal er áformuð móttöku og- förgunarstöð fyrir koldíoxíð (CO<sub>2</sub>) en förgunin felst í niðurdælingu og bindingu koldíoxíðs eða CO<sub>2</sub> í bergi. Í fullbyggðri stöð er áætlað að farga allt að þremur milljónum tonna af CO<sub>2</sub> árlega, en deiliskipulagið tekur til 1. áfanga verkefnisins og hluta af 2. áfanga sem verða á hluta lóðar álversins. Í deiliskipulaginu verður einnig gerð grein fyrir áformum ÍSAL á öðrum hluta lóðarinnar.

### **Loftlagsmál**

Í greinargerð lýsingar segir að niðurdæling CO<sub>2</sub> styður við aðgerð H1 í aðgerðaráætlun íslenska ríkisins í loftslagsmálum. Aðgerðin feli í sér að kanna hvort stóriðjufyrirtæki á Íslandi geti markvisst fangað CO<sub>2</sub> frá starfsemi sinni. Með Coda stöðinni verða til innviðir til niðurdælingar aðflutts CO<sub>2</sub> frá Evrópu. Þessir innviðir gætu nýst innlendum stóriðjufyrirtækjum þegar og ef föngun á CO<sub>2</sub> hefst. Umhverfisstofnun bendir á að aðgerð H1 varðar fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir (ETS-kerfið). Stofnunin telur að það þurfi að koma skýrt fram hvort fyrirhugað sé að dæla CO<sub>2</sub> frá t.d. Norðurál á Grundartanga og þá hvort fyrirhugað sé að flytja það með leiðslum eða með skipi. Þá mætti vera skýrara hvort það sé einnig fyrirhugað að kanna hvort stóriðjufyrirtæki á Íslandi sem falla utan ETS-kerfisins gætu jafnframt fargað CO<sub>2</sub> á svæðinu.

### **Loftgæði**

Umhverfisstofnun bendir á að halda skuli loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 920/2016 og reglugerðar nr. 787/1998. Með tilliti til nálægðar við byggð bendir Umhverfisstofnun á að skoða þurfi áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði og hvort framkvæmdin gæti haft áhrif á umhverfis- og heilsuverndarmörk.

## Stjórn vatnamála

Við ferlið er þörf fyrir mikils magns af vatni og því vill Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar er grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur sem hér um ræðir og það hefur vatnshlotsnúmerið 104-265-G undir stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hugsanlegt er að vatnstakan geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot.

## Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að hraunið á svæðinu falli undir sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hluti hraunsins hefur þegar verið raskað á báðum svæðunum, en að mati Umhverfisstofnunnar er á stórum hluta svæðanna (A og B) óraskað hraun með hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hluti hraunsins á svæðunum hefur verið raskað réttlætir það ekki frekari röskun á hrauni. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þó sé búið að skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi réttlætir það ekki röskun á hrauni, heldur þarf að líta til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal lítið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Áhrifasvæði**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áhrifasvæði skipulagsins sér vel skilgreint í tillögunni, þá einnig í jarðlögum svæðisins.

### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi að fyrirhuguð starfsemi er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun.



**UMHVERFIS**  
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
*teymisstjóri*